



## 1. Formannafundur 18. apríl 2013

Fundur settur kl 18:00 að Varmá.

Mætt voru fyrir hönd deilda: Dagný Kristinsdóttir fyrir Badminton, Guðrún Kristín Einarsdóttir fyrir Blak, Ólafur Ingi Óskarsson fyrir Frjálsar, Inga Lilja Lárusdóttir fyrir Handbolta, Alma Ragnarsdóttir fyrir Karate, Sigurður Rúnar Magnússon fyrir BUR Knattspyrnu, Haukur Skúlason fyrir Taekwondo, Haukur Ómarsson fyrir Sund.

Mætt fyrir hönd aðalstjórnar: Guðjón Helgason, formaður, Auður Gunnarsdóttir, Hekla Klemenzdóttir, Geirarður Long.

Jóhann Már Helgason framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

1. Vorhreingerning í Mosfellsbæ.
2. Staða samningaviðræðna við Mosfellsbæ
3. Önnur mál.

1. Vorhreingerning í Mosfellsbæ: Guðjón Helgason kynnti verkefnið sem farið verður í dagana 19-21 apríl. Formenn deilda kvarta yfir stuttum fyrirvara, og ekki geta allar deildir mannað verkefnið vegna þess. Sú ósk kom frá Mosfellsbæ, að þeir fjármunir sem fást fyrir verkefnið, verði látnir renna þangað sem þeirra er mest þörf. Þær deildir sem taka þátt að þessu sinni eru: Sund, Taekwondo, Knattspyrna, Handknattleikur, Badminton, og Frjálsar. Blakdeild og Karate ekki með að þessu sinni. (Körfuknattleikur og Fimleikar eiga ekki fulltrúa á fundinum, og því ekki vitað um þeirra þáttöku)

2. Staða samningaviðræðna við Mosfellsbæ: Guðjón fór yfir stöðu mála, og upplýsti að tilboð frá Umfa, væri hjá Mosfellsbæ, og beðið væri eftir svari við því, vonast til að það komi á allra næstu dögum. Umræður sköpuðust, og fóru formenn framá að samningar yrðu kynntir, jafnvel fyrir undirritun. Guðrún Kristín taldi að samninganefnd Umfa hefði umboð formannafundar til að ganga frá samningum, en að sjálfsagt væri að kynna þá þegar þeir lægju fyrir.

3. Önnur mál:

### ***Bæjarhátíðin í túninu heima 2013.***

Jóhann sagði frá því að Varmásvæðið yrði í höndum UMFA að þessu sinni. Guðrún Kristín fer framá að upplýsingar fái frá Mosfellsbæ um skipulag hátíðarinnar að öðru leyti, svo sem hvernig hátíðin muni dreyfast um bæinn. Þegar og ef ákvörðun verður tekin um þáttöku félagsins, munu deildir skipa nefnd sem vinnur að undirbúningi.

**Fráraglanir:**

Guðrún Kristín mynnir á brúsasölu Blakdeildar og Guðjón formaður ítrekar að deildir standi saman þegar að fjáröflunum kemur, með því að kaupa varning hvor af annari. Inga Lilja lætur vita af bílafánum sem eru á leið í sölu fyrir Handknattleiksdeild.

**Breytingar innanhúss í Vallarhúsi.**

Ólafur spyr hvort beiðni um breytingar innanhúss hafi komið til stjórnar. Guðjón upplýsir að svo er ekki en veit að málið er í vinnslu.

Ekki fleira rætt. Fundi slitið kl. 19:00.

Fundargerð ritaði Elín Hekla Klemenzdóttir, gjaldkeri aðalstjórnar.